



Húsavík, 19. mars 2014

Umhverfisstofnun
Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Starfsleyfisumsókn urðunarstaðar í Laugardal við Húsavík – timbur, málmar, dekk

Í samræmi við ábendingar UST vegna mögulegrar uppsöfnunar timburs, málma og dekkja á urðunarsvæði Sorpsamlags Þingeyinga ehf. í Laugardal við Húsavík fylgir lýsing og mat á magni hvers flokks.

Timbur: Einungis er gert ráð fyrir þeim möguleika á að lagera litlu magni af timbri í Laugardal í stuttan tíma og aðeins ef engir aðrir kostir eru í boði, t.d. ef ekki hefst undan að kurla það magn sem kemur í móttökustöð félagsins við Víðimóa og setja í flutningsgáma eða flytja það annað í frekari vinnslu. Áætlað er að magnið geti orðið að hámarki 10-15 tonn sem yrði lagerað í Laugardal í 2-4 vikur í senn, eða samtals um 150 tonn á ári í heildina.

Málmar: Líkt og fyrir timbur þá er aðeins gert ráð fyrir að lagera litlu magni af málmum í stuttan tíma og aðeins ef ekki hefst undan að koma þeim í flutningsgáma við móttökustöð félagsins. Meðhöndlun málma eða förgun fer ekki fram á svæðinu utan nauðsynlegrar rúmmálsminnkunar fyrir flutning. Hreinsun málma af vökvum, hættulegum efnum og spilliefnum fer ávallt fram í móttökustöð félagsins við Víðimóa áður en þeir fara í Laugardalinn. Áætlað er að magn uppsafnaðra málma geti verið samtals 150-200 tonn á ári að hámarki en aldrei meira en 25 tonn hverju sinni.

Dekk: Engin uppsöfnun eða geymsla dekkja verður í Laugardal.

Jarðvegur: Aðeins verður safnað því magni jarðvegs sem nýtist í landmótun og frágang á svæðinu.

Einungis ákveðnir leyfishafar flytja timbur og málma á svæðið og verður það ekki opið almenningi.

Virðingarfyllst,

Hafsteinn H. Gunnarsson, framkv.stj.
Sorpsamlag Þingeyinga ehf.